

ICELANDAIR: UPPGJÖR 2. ÁRSFJÓRÐUNGS 2024

- EBIT afkoma 457 milljónir króna (3,3 milljónir USD) og hagnaður eftir skatta 86 milljónir króna (0,6 milljónir USD) á 8% framboðs aukningu
- Jákvæð kostnaðarþróun endurspeglast í 2,4% lækkun einingakostnaðar þrátt fyrir talsverða verðbólgu
- Flotaendurnýjun, kostnaðaraðhald og aukin skilvirkni í rekstri höfðu áhrif til lækkunar á einingakostnaði
- Hagræðingaraðgerðir í maí og júní munu skila um 1,4 milljarða króna (10 milljóna USD) sparnaði á ársgrundvelli
- Jákvæður viðsnúningur í fraktstarfsemi nam 482 milljónum króna (3,4 milljónum USD)
- Sterk lausafjárstaða í lok annars ársfjórðungs 64,8 milljarðar króna (465 milljónir USD)
- Fjöldi farþega var 1,2 milljónir
- Einingatekjur drógust saman vegna minni eftirspurnar eftir flugferðum til Íslands og harðnandi samkeppni á N-Atlantshafsmarkaðnum
- Flug hafið á þrjá nýja áfangastaði – Pittsburgh, Halifax og Þórshöfn í Færeyjum
- Icelandair var í fyrsta sæti á lista Cirium yfir stundvísustu flugfélög Evrópu í júnímánuði

BOGI NILS BOGASON, FORSTJÓRI ICELANDAIR

„Flugreksturinn gengur vel, stundvísí hefur verið framúrskarandi fimm mánuði í röð og vorum við útnefnd stundvísasta flugfélag í Evrópu í júní. Það er mjög ánægjulegt að sjá að áhersla á aukna skilvirkni í rekstrinum er þegar farin að skila sér og endurspeglast í lækkun einingakostnaðar á öðrum ársfjórðungi, þrátt fyrir háa verðbólgu og kostnaðarhækkunir. Við höfum jafnframt náð góðum árangri í að bæta afkomu af fraktstarfseminni og leiguflugstarfsemi okkar heldur áfram að ganga vel sem og innanlandsflug. Þessi árangur er að þakka samhentunni á ataki starfsfólks á öllum sviðum félagsins. Eftirspurn á ferðamannamarkaðnum til Íslands er ekki eins sterk og á síðasta ári en okkur hefur gengið mjög vel að nýta sveigjanleika leiðakerfisins og halda sætanýtingu á ásættanlegum stað með því að setja meiri áherslu á markaðinn yfir Atlantshafið. Breytt samsetning farþega hafði hins vegar áhrif á meðalfargjöld og þar með einingatekjur á öðrum ársfjórðungi.

Eftir mikið uppbyggingartímabil eftir Covid sem lauk á síðasta ári hefur áhersla okkar á þessu ári verið að aðgerðir til að ná fram aukinni skilvirkni í rekstrinum. Fjöldmörg hagræðingarverkefni eru í vinnslu sem sum hver hafa þegar skilað árangri og gerum við ráð fyrir að sjá enn frekari árangur til lengri tíma. Við höldum jafnframt áfram að styrkja tekjumyndun hjá okkur og nýtum fjölbreytta tekjustrauma til þess. Við höfum meðal annars styrkt tekjugrunn félagsins með samstarfssamningum við tvö flugfélög á árinu – Emirates og TAP í Portúgal – en tekjur í gegnum slíkt samstarf nema í dag ríflega 10% af heildartekjum félagsins.

Við sjáum mikil tækifæri á næstu misserum og má þar nefna stækkun leiðakerfisins með nýjum, langdrægari flugvélum sem verða grunnurinn að áframhaldandi þróun Íslands sem ferðamannalands og tengimiðstöðvar milli Evrópu og Norður Ameríku. Þrátt fyrir tímabundnar sveiflur á milli ára hef ég fulla trú á tækifærum Íslands sem áfangastaðar og ekki síður því tengimódeli sem við höfum byggt hér upp síðustu áratugi. Markaðurinn til Íslands er þegar farinn að sýna jákvæð merki og við teljum að hann muni jafna sig á næstu misserum ef haldið er rétt á spilunum. Rekstraráherslur okkar munu gera okkur samkeppnishæfari, afkastameiri og skilvirkari, sem til viðbótar við mjög sterka lausafjárstöðu gerir okkur vel í stakk búin til að takast á við þau verkefni sem framundan eru og ná árangri til framtíðar.“

VEFÚTSENDING 18. JÚLÍ 2024

Kynning á uppgjöri 2. ársfjórðungs ársins 2024 verður í beinu streymi á <https://icelandairgroup.com>. Streymið hefst kl. 8:30 fimmtudaginn 18. júlí 2024 þar sem Bogi Nils Bogason forstjóri og Ívar S. Kristinsson framkvæmdastjóri fjármála munu fara yfir uppgjörið og svara spurningum. Fundurinn verður á ensku. Kynningin verður aðgengileg að fundi loknum á heimasíðu félagsins og undir fyrirtækjafréttum á heimasíðu Nasdaq Nordic: <http://www.nasdaqomxnordic.com/news/companynews>

FREKARI UPPLÝSINGAR VEITA

Fjárfestar: Íris Hulda Þórisdóttir, forstöðumaður fjárfestatengsla. Netfang: iris@icelandair.is

Fréttamiðlar: Ásdís Pétursdóttir, forstöðumaður samskipta og sjálfbærni. Netfang: asdis@icelandair.is

FJÁRHAGSDAGATAL

- 3. ársfjórðungur 2024 - 22. október 2024
- 4. ársfjórðungur 2024 - 30. janúar 2025
- Aðalfundur 13. mars 2025

LYKILTÖLUR

		2. ársfj. 24	2. ársfj. 23	Breyting	6 mán. 24	6 mán. 23	Breyting
Rekstrarniðurstaða							
Rekstrartekjur	USD þús.	409.383	414.180	-4.797	668.344	647.435	20.909
þar af farþegatekjur	USD þús.	353.183	352.728	455	552.045	523.268	28.777
Rekstrarkostnaður	USD þús.	368.813	358.580	10.233	663.105	623.921	39.184
EBIT	USD þús.	3.309	20.854	-17.545	-65.583	-40.771	-24.812
EBT	USD þús.	524	15.341	-14.817	-72.131	-49.761	-22.370
Hagnaður (tap)	USD þús.	622	13.656	-13.034	-58.795	-35.476	-23.319
Efnahagur og sjóðstreymi¹							
Eignir	USD þús.	-	-	-	1.799.623	1.527.676	271.947
Eigið fé	USD þús.	-	-	-	232.712	288.347	-55.635
Vaxtab. skuldir og nettó leiguskuldb.	USD þús.	-	-	-	671.044	638.580	32.464
Nettó vaxtab. skuldir og leiguskuldb.	USD þús.	-	-	-	220.520	352.372	-131.852
Heildar lausafjárstaða	USD þús.	-	-	-	465.174	521.231	-56.057
Handbært fé frá rekstri	USD þús.	110.243	129.001	-18.758	257.345	283.415	-26.070
Fjárfestingar, brúttó	USD þús.	32.258	38.797	-6.539	64.332	87.919	-23.587
Helstu kennitölur							
Hagnaður á hlut	US sent	0,00	0,03	-0,03	-0,14	-0,09	-0,05
Eiginfjárhlutfall	%	-	-	-	12,9%	18,9%	-6,0 ppt
EBIT %	%	0,8%	5,0%	-4,2 ppt	-9,8%	-6,3%	-3,5 ppt
Einingatekjur ²	US sent	7,9	8,6	-7%	7,7	8,2	-7%
Meðalverð (e. yield)	US sent	9,1	9,6	-5%	8,9	9,2	-4%
Einingakostnaður ²	US sent	8,0	8,2	-2%	8,7	9,0	-3%
Einingakostnaður án eldsneytis ²	US sent	6,0	6,1	-2%	6,7	6,8	-1%
Flutningatölur							
Fjöldi flugferða	fjöldi	4.834	4.488	8%	8.201	7.308	12%
Fjöldi farþega	fjöldi	1.218.091	1.180.545	3%	1.975.054	1.845.263	7%
Farþegar til Íslands	fjöldi	352.146	415.543	-15%	636.493	704.360	-10%
Farþegar frá Íslandi	fjöldi	194.494	214.486	-9%	343.815	352.432	-2%
Farþegar um Ísland	fjöldi	603.680	482.451	25%	866.062	659.461	31%
Farþegar innan Íslands	fjöldi	67.770	68.065	0%	128.685	129.010	0%
Sætanýting	%	81,6%	83,6%	-2,0 ppt	79,7%	81,5%	-1,8 ppt
Framboðnir sætiskm. (ASK)	millj.	4.563	4.226	8%	7.422	6.581	13%
Seldir sætiskm. (RPK)	millj.	3.722	3.535	5%	5.914	5.366	10%
Stundvísi millilandaflog (OTP)	%	86,0%	75,1%	10,9 ppt	85,3%	76,0%	9,3 ppt
Seldir frakt-tonn-km. (FTK)	þús.	29.871	45.914	-35%	69.273	89.147	-22%
Seldir blokk tímar	fjöldi	4.798	3.798	26%	8.861	7.530	18%
CO2 losun á hvern tonnkilómetra	nr.	0,74	0,74	0%	0,76	0,76	0%
Starfsmenn							
Meðalfjöldi stöðugilda	fjöldi	3.708	3.795	-2%	3.573	3.443	4%
Stöðugildi í lok tímabils	fjöldi	-	-	-	4.028	4.177	-4%

¹ Samanburðatölur fyrir efnahag eru frá 31.12.2023

² Einingatekjur/Einingakostnaður: Tekjur og kostnaður á hvern framboðinn sætiskilómetra (ASK) í farþegaleiðakerfinu

FLUTNINGATÖLUR

- **Fjöldi farþega nam 1,2 milljónum á 2. ársfjórðungi, aukning um 3% á milli ára**
- **Fjöldi tengifarþega jókst um 25% og var 50% af heildarfarþegafjölda**
- **Stundvísi 86%, upp um 11 prósentustig milli ára**

Framboðsaukning, mæld í sætiskílómetrum, í farþegaflugi Icelandair á öðrum ársfjórðungi nam 8% á milli ára. Flug var hafið til þriggja nýrra sumaráfangastaða Pittsburgh, Halifax og Þórshöfn í Færeyjum ásamt því að tíðni var aukin til fjölda vinsælla áfangastaða. Farþegaflutningar, mældir í flognum farþegakílómetrum (e. Revenue Passenger Kilometers) jukust um 5%. Fjöldi farþega nam 1,2 milljónum og sætanýting var 81,6% samanborið við 83,6% á síðasta ári.

Mikil samkeppni við aðra áfangastaði og áhrif endurtekinna eldgosa á Reykjanesi á fjölmiðlaumræðu alþjóðlega um Ísland hafa dregið tímabundið úr eftirspurn eftir flugferðum til Íslands. Til að mæta því hefur Icelandair nýtt sveigjanleika leiðakerfisins og lagt meiri áherslu á markaðinn yfir hafið sem leitt hefur til breytingar á skiptingu farþega eftir mörkuðum. Fjöldi tengifarþega jókst um 25% á milli ára og var 50% af heildarfarþegafjölda samanborið við 41% í fyrra. Farþegum á markaðnum til Íslands fækkaði aftur á móti um 15% og voru 29% af heildarfarþegafjölda samanborið við 35% á síðasta ári. Farþegum á markaðnum frá Íslandi fækkaði um 9% og fjöldi innanlandsfarþega stóð í stað.

Flugstarfsemin gekk vel í fjórðungnum og var stundvísi 86% og batnaði mikið eða um 11 prósentustig samanborið við annan ársfjórðung á síðasta ári. Stundvísi hefur verið framúrskarandi hjá félaginu síðustu mánuði og í júní var Icelandair í fyrsta sæti sem stundvísasta flugfélag Evrópu skv. skýrslu Cirium en stundvísi í júní var 85% og batnaði um 14 prósentustig á milli ára.

Frakt tonn-kílómetrar drógust saman um 35% á milli ára, en dregið var verulega úr flutningsgetu sem hluta af aðgerðum til að bæta arðsemi fraktstarfseminnar, m.a. með langímaútleigu einnar B767 fraktvélar. Fjöldi seldra blokk tíma í leiguflugstarfseminni jókst um 26% á milli ára. Kolefnislosun á hvern tonn-kílómetra á fjórðungnum stóð í stað á milli ára.

REKSTUR

- **Einingakostnaður lækkar um 2,4% á milli ára**
- **Breytt samsetning farþega setur þrýsting á meðalfargjöld**
- **Jákvæður viðsnúningur í fraktstarfseminni**

EBIT afkoma var 3,3 milljónir USD á öðrum ársfjórðungi og lækkaði um 17,5 milljónir USD á milli ára. Góður árangur hefur náðst á kostnaðarhliðinni sem endurspeglast í 2,4% lækkun einingakostnaðar þrátt fyrir launahækkunar og verðbólguþrýsting í rekstrarumhverfi félagsins. Tímabundinn samdráttur á markaðnum til Íslands, breytt samsetning farþega ásamt því að eftirspurn í kringum páska sem voru í ár í mars samanborið við apríl í fyrra hafði áhrif á farþegatekjur og afkomu leiðakerfisins. Áframhaldandi viðsnúningur var í fraktstarfsemi eða um 3,4 milljónir USD á milli ára. Afkoma leiguflugstarfseminnar var góð og nam EBIT hlutfallið 15%.

Heildartekjur námu 409,3 milljónum USD á öðrum ársfjórðungi og lækkuðu um 1% á milli ára. Breytt farþegasamsetning hafði áhrif á farþegatekjur sem námu 353,2 milljónum USD á fjórðungnum og stóðu í stað á milli ára. **Tekjur af flugfrakt** námu 16,9 milljónum USD og lækkuðu um 23% er framboð var lagað að eftirspurn til að bæta afkomu. **Leiguflugstekjur** námu 20,7 milljónum USD og jukust um 6% á milli ára. **Aðrar tekjur** námu alls 18,7 milljónum USD samanborið við 20,0 milljónir USD sem samsvarar 7% lækkun á milli ára.

Rekstrargjöld án afskrifta námu 368,8 milljónum USD og jukust um 3% eða um 10,2 milljónir USD á milli ára. **Laun og launatengd gjöld** námu 107,0 milljónum USD samanborið við 105,9 milljónir USD á öðrum ársfjórðungi síðasta árs sem er aukning um 1%. Stöðugildi voru að meðaltali 3.708 í fjórðungnum og fækkaði um 2% milli ára. Í maímánuði tilkynnti félagið um hópuppsögn 82 starfsmanna. Kostnaður vegna þeirra námu 1,5 milljónum USD og var gjaldfærður á fjórðungnum. Í júní var síðan tilkynnt um árstíðabundnar uppsagnir hjá 57 flugmönnum sem taka gildi í haust. Áætlaður sparnaður vegna þessara aðgerða á ársgrundvelli er um 10 milljónir USD. Starfsemi flugeldhúss félagsins var úthýst frá 1. mars og fækkaði stöðugildum við það um 200 frá og með þeim mánuði. **Eldsneytiskostnaður** nam 96,5 milljónum USD í fjórðungnum og hækkaði einungis um 1% á milli ára þrátt fyrir 8% framboðs aukningu í farþegafluginu og 9% hækkun á markaðsverði á milli ára. Hagkvæmari floti, aukin skilvirkni í rekstri, lækkun á verði losunarheimilda ásamt jákvæðum áhrifum vegna eldsneytisvarna komu til lækkunar á eldsneytiskostnaði. Vegið eldsneytisverð félagsins, að teknu tilliti til afgreiðsluálags og varna, nam 936 USD á hvert tonn og hækkaði um 3% samanborið við síðasta ár. Verð losunarheimilda lækkaði um 21%. **Annar flugtengdur kostnaður**, að meðtöldum afgreiðslu-, yfirflugs- og lendingargjöldum, viðhaldskostnaði og flugvéla-leigu nam 73,8 milljónum USD samanborið við 71,0 milljón USD á síðasta ári. Kostnaður vegna flugvéla-leigu lækkaði milli ára, en seinkun á innkomu flugvéla í rekstur leiddi til innleigu flugvéla í júní á síðasta ári. **Annar rekstrarkostnaður** var 91,5 milljónir USD, og jókst um 5,4 milljónir USD eða 6% vegna meiri umsvifa í rekstri farþegaleiðakerfisins.

Nettó fjármagnskostnaður nam 2,1 milljón USD á öðrum ársfjórðungi samanborið við USD 7,3 milljónir á síðasta ári. Fjármunatekjur námu 9,0 milljónum USD og jukust um 5,3 milljónir USD á milli ára. Fjármagnskostnaður nam 10,6 milljónum USD og jókst um 0,2 milljónir USD. Gengistap nam fjárhæð 0,5 milljónir USD.

Einingatekjur³ á öðrum fjórðungi námu 7,9 US sent og lækkuðu um 7% á milli ára. Minni eftirspurn eftir flugferðum til Íslands og hærra hlutfall tengifarþega á Norður Atlantshafsmarkaðnum hefur sett þrýsting á meðalfargjöld sem skýrir lægri einingatekjur. Meðalfargjald (e. yield) nam 9.1 US sentum og lækkaði um 5% á milli ára. **Einingakostnaður**⁴ var 8,0 US sent, og lækkaði um 2% á milli ára. Hagkvæmari flugfloti, aukin skilvirkni, kostnaðaraðhald og stærðarhagkvæmni í rekstri hafði jákvæð áhrif á einingakostnað. Þá leiddi stórbætt stundvísi til lækkunar á kostnaði tengdum röskunum, svo sem bótakröfum og gistkostnaði farþega. Einingakostnaður án eldsneytis lækkaði einnig um 2% á milli ára.

EFNAHAGUR OG SJÓÐSSTREYMI

- **Eigið fé 232,7 milljónir USD og eiginfjárlutfall 13%**
- **Lausafé alls 465,2 milljónir USD**

Efnahagsreikningur

Heildareignir námu 1,8 milljarði USD í lok júní og jukust um 271,9 milljónir USD frá því í byrjun árs. Varanlegir rekstrarfjármunir námu 567,8 milljónum USD og leigueignir námu 383,4 milljónum USD. **Eigið fé** nam 232,7 milljónum USD og eiginfjárlutfall í lok fjórðungsins var 13%. **Vaxtaberandi skuldir og leiguskuldbindingar** námu alls 671,0 milljónum USD og jukust um 32,5 milljónir USD frá því í byrjun árs, að mestu vegna flugvélatengdra fjárfestinga vegna þriggja viðbóta B737 MAX 8 flugvéla. **Nettó vaxtaberandi skuldir og leiguskuldbindingar** námu 220,5 milljónum USD og lækkuðu um 131,9 milljónir USD samanborið við upphaf árs.

³ Tekjur á hvern framboðinn sætiskílómetra (RASK) í farþegaleiðakerfinu

⁴ Kostnaður á hvern framboðinn sætiskílómetra (CASK) í farþegaleiðakerfinu

Sjóðsstaða

Handbært fé og markaðsverðbréf námu 413,2 milljónum USD í lok júní og hækkuðu um 142,7 milljónir USD á fyrstu sex mánuðum ársins. **Nettó sjóðstreymi frá rekstri** á fjórðungnum nam 257,3 milljónum USD. **Nettó fjárfestingahreyfingar** námu 112,8 milljónum USD og þar af námu fjárfestingar 64,3 milljónir USD. **Nettó fjármögnunarahreyfingar** námu 52,6 milljónum USD vegna afborgana vaxtaberandi lána og leiguskuldbindinga. Óáðregnar lánalínur félagsins námu 52,0 milljónum USD og að teknu tilliti til þeirra var **lausafjárstaðan** í lok júní 465,2 milljónir USD.

HORFUR

57 áfangastaðir í boði í leiðakerfinu árið 2024

Hlutfallslegur fjöldi bókana næstu mánuði er almennt á pari eða eilítið betri en á sama tíma í fyrra. Í þriðja ársfjórðungi verður áfram rík áhersla á N-Atlantshafsmarkaðinn. Flugáætlun Icelandair árið 2024, mæld í framboðnum sætiskílómetrum, mun vaxa um ~10% milli ára og er áætlað að farþegar Icelandair verði um 4,7 milljónir árinu. Flogið verður til 57 áfangastaða og fjöldi tenginga er ríflega 790 borgarpör í sumar auk ótal annarra í gegnum samstarf við önnur flugfélög.

Félagið hefur lagt áherslu á að styrkja samstarf við önnur flugfélög að undanfögnu og gert tvo samstarfssamninga á árinu 2024, við Emirates og TAP í Portúgal, og eru fleiri samstarfsmöguleikar í pípunum. Tekjur af slíkum samstarfssamningum nema í dag ríflega 10% af heildartekjum félagsins. Framboð á þriðja fjórðungi mun aukast um 9% á milli ára og 7% í fjórða ársfjórðungi. Lissabon hefur nýlega bæst við sem vetraráfangastaður hjá félaginu.

Jákvæður viðsnúningur í fraktstarfsemi

Verulegur viðsnúningur er í afkomu fraktstarfseminnar og er gert ráð fyrir að hún skili rekstrarhagnaði (EBIT) á árinu samanborið við 17 milljóna USD rekstrartap á síðasta ári. Gripið hefur verið til ýmissa aðgerða til að bæta afkomuna, m.a. útleigu á annarri af tveimur fraktflugvélum, breytinga á flugáætlun til að laga hana betur að markaðsaðstæðum og einföldun á skipulagi.

Jákvæðar horfur í leiguflugum

Leiguflugstarfsemi félagsins heldur áfram að ganga vel. Fimm flugvélar eru komnar í fullan rekstur hjá Air Niugini, stærsta viðskiptavini félagsins á sviði leiguflugs, tveimur fleiri en á síðasta ári. Heimsferðir félagsins ganga mjög vel og bættist þriðja vélin við þann flota sem sinnir slíkum verkefnum fyrr á árinu. Undirbúningur er hafinn fyrir leiguverkefni á Suðurpólnum næsta vetur og verður það fjórða árið í röð sem sett verður upp loftbrú á milli suðurodda Chile og Suðurpólsins. Áhersla er lögð á að auka vetrarverkefni sem draga úr árstíðarsveiflu í rekstri leiðakerfis Icelandair.

Fjárfest í flughermi fyrir Airbus A321 flugvélar

Félagið tók á móti tveimur nýjum B737 MAX vélum á öðrum ársfjórðungi og eru vélarnar komnar í rekstur. Gert er ráð fyrir að fyrstu Airbus vélar í sögu félagsins verði afhentar á fjórða ársfjórðungi þessa árs. Um er að ræða fjórar nýjar A321LR sem koma inn í flotann ein af annarri fyrir næsta vor. Innleiðing Airbus vélanna og þjálfun flugmanna er í fullum gangi og gekk félagið frá kaupum á Airbus flughermi í lok júní sem verður tekinn í notkun í þjálfunarsetri félagsins í Hafnarfirði á árinu 2025.

Markviss vinna við að auka skilvirkni í rekstri og auka samkeppnishæfni

Árið 2023 lauk endurreisn Icelandair eftir heimsfaraldurinn og starfsemin skilaði hagnaði á ný. Uppbyggingin skipti einnig sköpum fyrir viðspyrnu ferðaþjónustunnar og þar með hagkerfisins í heild. Eftir þennan hraða vöxt og mikla uppbyggingartímabil leggur félagið nú megináherslu á að efla skilvirkni og samkeppnishæfni. Þetta er forsenda þess að unnt sé að bregðast við núverandi rekstraraðstæðum, sem einkennast meðal annars af aukinni samkeppni, mikilli verðbólgu og hækkun kostnaðar og samhliða renna stöðum undir arðbæran vöxt og árangur félagsins til lengri tíma.

Í þessum tilgangi hóf félagið umbreytingarvegferð á fyrri hluta þessa árs sem hefur fengið nafnið *ONE – collective effort, one journey*. Rakel Óttarsdóttir hefur verið ráðin framkvæmdastjóri umbreytinga, til viðbótar við hlutverk sitt sem framkvæmdastjóri stafrænnar þróunar. Hún leiðir nú nýtt teymi innan félagsins sem hefur það hlutverk að kortleggja og fylgja eftir umbótaverkefnum þvert á starfseminna. Meginmarkmiðið er að auka skilvirkni í rekstri, einkum með lækkun kostnaðar en einnig með því að styrkja tekjumyndun. Félagið gerir ráð fyrir að vegferðin skili umtalsverðum rekstrarávinningsi, sem þegar hefur tekið að skila sér í lækkun einingakostnaðar, og styðji við markmið um að standa fremst á meðal jafningja hvað skilvirkni varðar.

Þannig mun Icelandair vera í kjörstöðu til að nýta framtíðartækifæri og skapa virði fyrir hluthafa og íslenskt samfélag til lengri tíma. Þau tækifæri eru meðal annars stækkun leiðakerfisins með nýjum langdrægari flugvélum sem mynda grunn að áframhaldandi þróun Íslands sem ferðamannalands og tengimiðstöðvar milli Evrópu og Norður-Ameríku. Á sama tíma heldur félagið áfram að leggja áherslu á að vera fremst í flokki þegar kemur að því að tryggja góða upplifun viðskiptavina, vinna að sjálfbærnimálum og byggja upp öflugan og eftirsóttan vinnustað.

Staða eldsneytisvarna

Taflan hér að neðan sýnir stöðu eldsneytisvarna félagsins í lok annars ársfjórðungs 2024. Um 38% af áætlaðri notkun í leiðakerfi félagsins næstu tólf mánuði er varin á 821 USD vegnu meðalverði á hvert tonn.

Tímabil	Áætluð notkun	Magn varið í tonnum	% af áætlaðri notkun	Vegið meðal verð
3. ársfj. 2024	127.057	62.240	49%	832
4. ársfj. 2024	75.633	29.560	39%	827
1. ársfj. 2025	59.517	24.060	40%	807
9 mánuðir	262.207	115.860	44%	825
2. ársfj. 2025	97.785	19.550	20%	798
12 mánuðir	359.991	135.410	38%	821
3. ársfj. 2025	127.057	22.200	17%	809
13-18 mánuðir	127.057	22.200	17%	809

Afkomuspá

Góður árangur hefur náðst við lækkun einingakostnað og félagið gerir ráð fyrir að sú þróun muni halda áfram. Gert er ráð fyrir að einingakostnaður á seinni hluta ársins muni halda áfram að lækka á milli ára. Eftirspurn á N-Atlantshafsmarkaðnum er mikil en aukin samkeppni á þeim markaði hefur áhrif á fargjöld og þar með einingatekjur. Þrátt fyrir að eldgos á Reykjanesi hafi ekki haft áhrif á flugáætlun Icelandair og Ísland sé öruggur áfangastaður að heimsækja, þá gætu áframhaldandi jarðhræringar haft áhrif á eftirspurn. Þegar horft er inn í veturinn er útlit fyrir að heildarframboð á markaðnum nái jafnvægi sem ætti að hafa jákvæð áhrif á einingatekjur. Þá sýnir markaðurinn til Íslands jákvæð merki eftir að verð á gistingu á Íslandi hefur farið lækkandi og er félagið bjartsýnt á að markaðurinn jafni sig á næstu misserum með aukinni markaðssetningu ferðaþjónustunnar á Íslandi í heild og samkeppnishæfara verðlagi. Það er hins vegar enn óvissa um hvernig ofangreindir þættir markaðarins munu þróast og hafa áhrif á tekjumyndun og afkomu. Þar af leiðandi verður afkomuspá ekki gefin út á þessum tímamarki fyrir árið í heild.